

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

Djúpavogi, 13. marz, 2019

Berist til sveitarstjórnar,

Ég undirritaður legg hér fram kvörtun varðandi útgefnar kröfur frá Djúpavogshrepps sem maður fær í heimabankann.

Kvörtunin fellst aðallega í eindaga þessara krafna sem er alltaf í lok líðandi mánaðar sem krafan er gerð.

Nú sá ég að búið er að setja inn kröfu vegna fasteignagjalda upp á kr.38.762,- með gjalddaga 01.03.2019 og eindaga 30.03.2019.


Nú er það þannig að ég veð ekki í peningum og staðan hjá mér um hver mánaðamót gefur ekki möguleika á því að greiða tæp 50.000,- (er með eina aðra kröfu frá Djúpavogshrepp upp á kr. 8.736,-) í lok mánaðar. Þarf að bíða til 1. hvers mánaðar (útborgunardagur) til að geta gert upp allar kröfur sem þarf að greiða í heimabanknaum um hver mánaðamót.

Með því að bíða til 1. hvers mánaðar þarf því að greiða dráttarvexti á allar útgefnar kröfur frá Djúpavogshrepp.

Er það stefna sveitarfélagsins að auka tekjur sveitasjóðs með dráttarvöxtum þegar dagsetningu á eindaga á kröfu er lok hvers mánaðar í staðinn fyrir 1. dags mánaðar á eftir að krafan er stofnuð?

Með von um útskýringu á því hvers vegna þetta þarf að vera svona.

Með vinsemd og virðingu,


Magnús Hreinsson
Borgarlandi 30
765 Djúpivogur.